

## L Ö G

um

## veiting ríkisborgararéttar.

39

8. sept.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

Ríkisborgararéttur veitist þeim mönnum, sem hér segir:

1. Johan Martin Pettersen Hestnæs smið á Ísafirði, fæddum í Noregi.
2. Paul Oskar Smith pípulagningarmeistara í Reykjavík, fæddum í Noregi.
3. Ernst Fresenius garðyrkjumanni á Reykjum í Mosfellssveit, fæddum í Þýzka-landi.
4. Alexander Bridde bakarameistara í Reykjavík, fæddum í Rússlandi.
5. Sigmund Ovelius Lövdahl bakara í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
6. Karl Johan Svendsen vélasmið í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
7. Engelhart Holst Svendsen rafstöðvarstjóra í Neskaupstað, fæddum í Noregi.
8. Gunnar Akselson verzlunarstjóra á Ísafirði, fæddum í Noregi.
9. Harald Aspelund bókara á Ísafirði, fæddum í Noregi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður  
ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir  
eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Jónas Jónsson.*